

Skólaráðsfundur 9.mars 2022

Mættir (fjarfundur): Petra Eiríksdóttir, Erla Björnsdóttir, Lís Greipsson, Sigríður Halldórsdóttir, Erla Edvardsdóttir, Thelma Huld Víðisdóttir, Hildur Snorradóttir og Eva Ómarsdóttir.

Dagskrá fundar:

- Niðurstöður lesfimiþrófa
- Afmæli skólans
- Kannanir, R&G, MMS, Pisa
- Breytingar á starfsmannahóp
- Framkvæmdir í húsi
- Félagslíf nemenda
- Áframhald á hugsanlegu símaleysi nemenda í Lágafellsskóla
- Önnur mál:

1. Niðurstöður lesfimiþrófa

- Niðurstöður kynntar úr lesfimiþrófum sem lögð voru fyrir í janúar 2022.
- Heilt yfir mjög góðar niðurstöður. Margir árgangar að sýna framför frá því í september 2021.
- Nemendur Lágafellsskóla alls staðar yfir meðatali á landsvísu.
- Skoða hvort ástæða sé til að skoða einstök tilfelli í læsisteymi skólans.

2. Afmæli skólans

- Lágafellsskóli varð 20 ára árið 2021.
- Þemadagur og önnur dagskrá sem skipulögð hafði verið haustið 2021 féll niður vegna covid.
- Núna eru mörg stór verkefni í gangi á vorönn og því ekki unnt að hafa þemadaga á vorönn.
- Hugmyndavinna er nú í gangi um hvernig er hægt að halda upp á afmælishátíðina með öðrum hætti. Ýmsar hugmyndir komnar fram sem verið er að ræða og skoða:
 - Carnival hátíð?
 - Skemmtikraftar?

- Tímahylki?
- Skólaráð samþykkt því að lögð verði áhersla á að gera nemendum glaðan dag, brjóta upp hefðbundinn skóladag með einhverjum hætti og hafa ánægju nemendanna í fyrirrúmi. Kostur væri að fá þátttöku foreldra með einhverjum hætti.

3. Kannanir, R&G, MMS, Pisa

- Mikill áhugi í samfélaginu að gera kannanir um líðan barna eftir covid. Lágafellsskóli hefur fengið fjölmargar beiðnir um þátttöku í slíkum rannsóknum og könnunum.
- Lágafellsskóli tekur áfram þátt í þeim stöðluðu rannsóknum sem skólinn hefur tekið þátt í undanfarin ár, þ.e. frá MMS, R&G og PISA. Foreldrar voru jafnframt að klára að svara Skólapúlsinum um innra mat á starfi skólans.
- Lágafellsskóli hefur því undanfarið hafnað því að taka þátt í öðrum rannsóknum eða könnunum sem hafa komið til viðbótar við þessar hefðbundnu rannsóknir.

4. Breytingar á starfsmannahóp

- Regluleg starfsmannaveita, ýmist vegna veikinda starfsmanna eða starfsmenn að hefja nám. Töluvert hefur verið um það að ungt fólk úr hópi stuðningsfulltrúa sé að hefja háskólanám og þurfa að taka inntökupróf o.fl. Skólinn vill styðja við það og hefur reynt að leysa starfsmannamálin eins vel og hægt er í þeim tilfellum.

5. Framkvæmdir í húsi

- Framkvæmdir í samstarfi við Eflu hafa gengið vel vegna raka og myglu. Gluggar lagaðir í tveimur stofum þar sem fannst raki undir dúk og á einum stað í húsinu var raki undir dúk vegna vatnsvélar. Á þessum þremur stöðum hefur dúkurinn verið fjarlægður ásamt því sem gólfið var fræst niður. Þegar gólfið hefur þornað verður lagt nýtt gólfefni. Öllum framkvæmdum á að vera lokið fyrir sumarfrí.
- Fulltrúar frá foreldrafélaginu vilja koma á framfæri ábendingum frá foreldrum um slæmt aðgengi að Höfðabergi vegna snjómagns og klaka. Foreldrafélaginu hafa borist kvartanir frá foreldrum um mikla hálfu og að erfitt sé að opna hlið og hurðir að einstaka deildum vegna klakabunka. Skólastjórnendur hvattir til að setja mikla pressu á sveitarfélagið að bregðast fljótt og örugglega við beiðnum um gera svæðið öruggt á morgnana fyrir börn og foreldra.

6. Félagslíf nemenda

- Árshátíð í undirbúningi.

7. Áframhald á hugsanlegu símaleysi nemenda í Lágafellsskóla

- Skipuleggja sérstakan vinnufund vegna þessa verkefnis.
- Gera kannanir á meðal foreldra og nemenda um viðhorf til símalauss skóla. Foreldrafélagið sendir könnun til foreldra.

8. Önnur mál:

- Fulltrúar foreldrafélagsins kynntu áframhaldandi vinnu við að ná fram úrbótum á skólalóðinni. Stjórn foreldrafélagsins hefur fengið til liðs við sig umhverfissálfræðing sem skoðaði með þeim skólalóðina og skilaði stjórninni greinargerð með hugleiðingum sínum og tillögum um áframhaldandi vinnu.

Fundi slitið kl. 17:55

Fundarritari

Eva Ómarsdóttir